



Innviðaráðuneytið
Sölvhólsgrötu 7
101 Reykjavík

Sent á samráðsgátt

Reykjavík, 30. janúar 2025

Efni: Umsögn Samtaka iðnaðarins um drög að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029

Samtök iðnaðarins (hér eftir „SI“ eða „samtökin“) hafa tekið til umsagnar drög að sóknaráætlun höfuðborgarsvæðisins 2025-2029, mál nr. S-4/2025. Um er að ræða stefnumótandi áætlun sem miðar að því að styrkja svæði og samfélag höfuðborgarsvæðisins. Samtökin fagna samráðinu og vilja koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum vegna þeirra áhersluverkefna sem lögð eru fram í áætluninni.

1. Atvinna og nýsköpun

Íslenskur iðnaður á stóran þátt í verðmætasköpun og þeirri velferð sem samfélagið býr við. Iðnaður skapar nú með beinum hætti um fjórðung landsframleiðslunnar og um 37% af útflutningstekjum Íslands. Þá starfa ríflega 51 þúsund manns eða 22% af heildarfjölda starfandi hér á landi í fjölbreyttum iðnaði og hefur umfang iðnaðar aldrei verið jafn mikið og nú. Mikil sóknartækifæri eru fólgin í vexti iðnaðar og verði iðnfyrirtækjum skapað framúrskarandi starfsumhverfi verður uppskera samfélagsins ríkuleg.

1.1 Aukin samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu

Samtökin fagna því markmiði sem fram kemur í sóknaráætlun um að efla eigi samkeppnishæfni atvinnulífs á svæðinu. Benda samtökin á að skýr stefnumörkun í þessum málum er nauðsynlegur grunnur fyrir uppbyggingu blómlegs atvinnulífs og hafa samtökin ítrekað hvatt til þess að mótuð verði heildstæð atvinnustefna á Íslandi sem tekur mið af sóknartækifærum mismundandi svæða.

Í mars 2018 gáfu SI út skýrsluna ["Ísland í fremstu röð – eflum samkeppnishæfnina"](#) og var markmið hennar að varpa ljósi á þá þætti sem móta samkeppnishæfni landa.¹ Í skýrslunni var fjallað um fjóra meginþætti sem hafa mest áhrif á framleiðni: menntun, innviði, nýsköpun og starfsumhverfi. Bentu þar samtökin m.a. á að bæta þyrfti starfsumhverfi iðnfyrirtækja með því að tryggja stöðugleika í efnahagsmálum, lækka skatta og gjöld sem draga úr samkeppnishæfni og einfalda regluverk til að draga úr íþyngjandi kröfum á fyrirtæki. Lögð var áhersla á að skapa þurfi umgjörð og hvata sem stuðla að nýsköpun og frumkvöðlastarfsemi. Þetta felur í sér að

¹ [Ísland í fremstu röð - eflum samkeppnishæfnina | Skýrslur og rit | Samtök iðnaðarins - íslenskur iðnaður](#) og sjá einnig skýrslu SI „Mótum framtíðina saman – atvinnustefna fyrir Ísland“ : <https://www.si.is/upplýsingar-og-utgafa/skyrslur-og-rit/motum-framtidina-saman-atvinnustefna-fyrir-islund>



auka fjárfestingu í rannsóknum og þróun, einfalda regluverk og styðja við tækniyfirfærslu milli háskóla og atvinnulífs.

Þá benda samtökin einnig á skýrsluna "[Stöðugt, hagkvæmt og skilvirkt starfsumhverfi](#)", sem gefin var út í september 2022 þar var fjallað um aðgerðir til að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi fyrir íslensk fyrirtæki.² Í skýrslunni eru lagðar fram 26 umbótatillögur sem miða að því að efla samkeppnishæfni og stuðla að framförum. Í skýrslunni leggja samtökin áherslu á þrjá meginþætti:

1. **Stöðugleika:** Að skapa stöðugt starfsumhverfi með áherslu á opinber fjármál, peningamál og vinnumarkaðsmál.
2. **Hagkvæmni:** Að draga úr álögum á fyrirtæki, svo sem sköttum og gjöldum, til að auka hagkvæmni í rekstri þeirra.
3. **Skilvirkni:** Að einfalda regluverk og eftirlit til að draga úr sóun og kostnaði fyrir fyrirtæki.

Samtökin fagna því að til standi að greina tækifæri til einföldunar regluverks en leggja áherslu á að full þörf er á að skoða einnig samræmingu verkferla, gjaldskráa og aukna samvinnu með lögbundin verkefni sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu. Slík greining væri til þess fallin að auka skilvirkni, gagnsæi og draga úr óþarfa ágreiningi milli atvinnulífs og sveitarfélaga.

Í þágu markmiða um skilvirkari stjórnsýslu er mikilvægt að horfa til þess að sveitarfélög fara með víðtækt eftirlit. Þar er helst að nefna byggingareftirlit, matvælaeftirlit og hollustuhátta- og mengunarvarnareftirlit. Það væri til mikils að vinna að auka samræmingu á verklagi sveitarfélaga á í framkvæmd eftirlits til að auka skilvirkni og minnka sóun bæði hjá eftirlitsaðilum og þegum. Þá hafa sum embætti innheimt eftirlitsgjöld án þess að þær heimsóknir sem eftirlitsgjöldin eigi að standa undir komi til framkvæmda. Ósamræmi er við afgreiðslu sambærilegra mála, bæði innan og á milli embætta sveitarfélaga. Þekkt eru tilvik þar sem hönnunargögnum sem samþykkt eru í einu sveitarfélagi er hafnað þegar þau eru lögð inn óbreytt í öðru sveitarfélagi. Samræma þarf verklag, m.a. með stöðluðum gátlistum, sem tryggir fyrirsjáanleika og samræmi í framkvæmd úttekta. Framkvæmd sem byggir á tilviljunum og geðþótta leiðir til sóunar á framleiðsluþáttum og dregur úr tiltrú á kerfinu. Ósamræmi í túlkun á regluverki og tafir á úrvinnslu mála leiða til aukins kostnaðar, m.a. við byggingu húsnæðis á tímum þegar miklu máli skiptir að auka húsnæði landsmanna. SI leggur t.d. til að unnið verði að einföldun byggingarferla og betri samræmingu sveitarfélaga um skilyrði fyrir byggingu byggðar. Sömu sjónarmið eiga við um heilbrigðisfulltrúaembættin þar sem skortir samræmingu í eftirliti þeirra.

1.2. Aukin nýsköpun í atvinnulífinu

Samtökin fagna því að megin áhersluþættir í drögum að sóknaráætlun eru atvinna og nýsköpun. Þannig er tryggt að nýsköpun verði rauður þráður í allri atvinnusköpun á höfuðborgarsvæðinu.

Samtökin fagna því að sérstök áhersla verði lögð á nýskráningu fyrirtækja en leggja jafnframt áherslu á að nýsköpun á sér einnig stað í rótgrónum fyrirtækjum í framleiðsluiðnaði. Framleiðslufyrirtæki eiga stóran þátt í fjölbreyttu atvinnulífi höfuðborgarsvæðisins og má sem dæmi nefna framleiðslu húsgagna, tækja og véla, prentverk og vinnsla úr endurvinnsluefnum og málum. Rótgróin framleiðslufyrirtæki standa frammi fyrir svipuðum áskorunum í

² [SI-starfsumhverfi-skyrsla-opnur-fin.pdf](#)



nýsköpun, framleiðni, gæðastjórnun, umhverfismálum, birgðastjórnun og framleiðslustýringu. Samtökin hvetja til þess að hugað verði jafnframt að viðunandi rekstrarskilyrðum þessara fyrirtækja.

1.3. Stafræn þróun

Samtökin fagna því að hugað sé sérstaklega að stafrænni þróun með tilliti til aukinnar skilvirkni sveitarfélaga. SI hvetja sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu til að ganga enn lengra í stafrænni umbreytingu á þjónustuferlum í samvinnu við einkaaðila með útboðum. Stafrænir ferlar geta aukið framleiðni í þjónustu og minnkað kostnað og yfirbyggingu.

Notkun stafrænna lausna við innkaup getur aukið skilvirkni og skapað hagræði en jafnframt áskoranir. Í því samhengi leggja samtökin áherslu á meginreglu opinberra innkaupa um jafnræði bjóðenda og gagnsæi sem þarf að tryggja til að viðhalda trausti á útboðsferlinu. Sérstaklega þarf að gæta að því þegar stafrænar lausnir eru notaðar við opnun tilboða og mikilvægt er að tryggja gagnsæi við slíkar opnanir, þar sem bjóðendum er veitt tækifæri á að vera viðstaddir.

Samtökin hvetja til þess að hugað verði að því við undirbúning útboða að sveitarfélög nýti sér þann kost að auglýsa markaðskönnun og fá þannig endurgjóf frá fyrirtækjum um tillögur að nýjum útfærslum og lausnum. Samtökin telja tækifæri hjá sveitarfélögunum til þess að nýta enn betur þessi verkfæri. Þannig má tryggja fullnægjandi undirbúning sem leiðir til vandaðra útboðsskilmála sem taka jafnframt mið af nútímalausnum. Þá auka markaðskannanir jafnframt gagnsæi fyrirtækja um þarfir opinberra kaupenda og styðja við nýsköpun og þróun á þjónustu, vörum og framkvæmdum.

2. Umhverfis- og samgöngumál

Samgöngumál eru lykilatriði fyrir skilvirkni og samkeppnishæfni atvinnulífsins. SI styðja markmið sóknaráætlunar um að bæta flæði samgöngumáta og dreifa álagi í umferð. Hins vegar telja SI að brynt sé að áhersla verði lögð á eftirfarandi atriði.

Fyrirhugaðar framkvæmdir samgöngusáttmálans á höfuðborgarsvæðinu eru umfangsmiklar enda er mikilvægt að tryggja aðgang að góðum samgönguleiðum fyrir bæði almenning og atvinnulíf til framtíðar. SI leggur til að áætlunin innihaldi skýrari markmið og tímaramma fyrir áfangaskiptingu vegaframkvæmda. Á sama tíma og framkvæmdir standa yfir vilja samtökin þó benda á mikilvægi þess að innleiða lausnir til að lágmarka truflanir fyrir fyrirtæki og einstaklinga. Þá þarf að auka tíðni í núverandi almenningssamgöngukerfi og bæta við forgangsadgerðum á meðan verið er að vinna að verkefnum samgöngusáttmálans.

SI styðja aðgerðir sem að miða að því að ráðast í greiningu og mótun aðgerða til álagsdreifingar en benda jafnframt á mikilvægi þessa að hugað sé að þátttöku atvinnulífsins við mótun slíkra lausna. Þá benda samtökin jafnframt á að dýpka mætti mælikvarða árangurs sem skilgreindir eru í stefnunni svo hægt sé að meta árangur með nákvæmari hætti.

3. Húsnæðis- og velferðarmál

Samtökin fagna því að lögð verði áhersla á að draga fram stöðu á íbúðar- og atvinnuhúsnæði höfuðborgarsvæðisins og taka undir að mikilvægt sé að fyrir liggi skýr stefna um uppbyggingu.



3.1. Atvinnuhúsnæði

Borgarsamfélag þrífst best í góðri sambúð atvinnulífs og heimila og er því uppbygging atvinnuhúsnæðis á höfuðborgarsvæðinu lykilþáttur í þróun atvinnulífs, efnahagslegrar velsældar og samkeppnishæfni svæðisins. Byggð þar sem fjölbreytt atvinnustarfsemi þrífst í bland við íbúðabyggð eykur framleiðni þjóðarbúsins og tryggir blómlegt samfélag öllum til heilla.

Með aukinni áherslu á þéttingu byggðar undanfarin ár hefur þrengt verulega að starfsemi iðnfyrirtækja sem hafa þurft og munu þurfa að færa starfsemi sína. Gæta þarf þess að breyting á skipulagi leiði ekki til slíks tjóns fyrir fyrirtækin að þau sjái sér ekki fært að halda rekstri áfram við breyttar aðstæður. Til að tryggja hagkvæma og sjálfbæra þróun er brýnt að móta heildstæða stefnu sem tekur mið af innviðum, samgöngum og samþættingu atvinnusvæða fyrir fjölbreyttan iðnað. Heildstæð nálgun í skipulagi atvinnuhúsnæðis felur í sér að byggðin sé mótuð með skýr markmið um staðsetningu og þróun atvinnusvæða í takt við þarfir atvinnulífsins og samfélagsins. Það er nauðsynlegt að tryggja gott aðgengi að innviðum, svo sem raforku, fjarskiptakerfum og vatnsveitum, en jafnframt að tryggja aðgengi að öflugum samgöngukerfum fyrir bæði starfsfólk og vöruflutninga. Sérstaklega þarf að huga að þörfum fjölbreyttra iðngreina, þar sem mismunandi atvinnustarfsemi kallar á sérhæfðar lausnir í húsnæði, aðstöðu og innviðum.

Skýr atvinnustefna helst í hendur við markvissa stefnumótun í uppbyggingu atvinnuhúsnæðis og ef vel tekst til skapast jákvæð skilyrði fyrir öflugt atvinnulíf, fjölbreyttan iðnað, betri nýtingu innviða sem og aukin lífsgæði fyrir íbúa og starfandi aðila á svæðinu. Mikilvægt er að atvinnulífið fái virka aðkomu að þarfagreiningu og mótun stefnu hvað þetta varðar.

3.2. Íbúðarhúsnæði

Samtökin fagna því að til standi að ráðast í greiningu á lykiltölum og þá sérstaklega varðandi uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Einnig þarf að ráðast í endurskilgreiningu á hugtakanotkun og samræmingu á beitingu þeirra í samráði við helstu hagaðila. Þannig er stigið mikilvægt skref til að draga úr þeirri upplýsingaóreiðu sem ríkt hefur um stöðu og framvindu húsnæðisuppbyggingar hér á landi.

Þrátt fyrir aukningu í fjölda íbúða í byggingu á undanförunum árum á höfuðborgarsvæðinu er ljóst að framboð nær ekki að mæta eftirspurn og nú er samdráttur orðinn sýnilegur í uppbyggingu íbúðarhúsnæðis. Heildarfjöldi íbúða í byggingu í landinu hefur dregist saman um 16,8% frá árinu 2023. Einkum fækkar íbúðum á fyrstu byggingarstigum. Meðalsölutími nýrra íbúða hefur lengst frá því sem var í byrjun árs 2024, en er þó enn undir þeim mörkum sem almennt eru talin jafnvægi á markaði. Í dag er sölutími að meðaltali 58 dagar á höfuðborgarsvæðinu og 69 dagar á landsbyggðinni.

Samtökin hafa ítrekað bent á að skortur á lóðum, tilbúna til íbúðauppgygginga, er ein meginástæða þess að ekki hefur tekist að tryggja nægt framboð íbúða þar sem sveitarfélög hafa ekki náð að tryggja nægt framboð lóða í takt við húsnæðisáætlanir. Árið 2023 náðu t.d. aðeins fimm af fjórtán sveitarfélögum, sem höfðu sett sér markmið um íbúðafjölgun, að uppfylla þau. Framboð lóða hefur auk þess dregist saman um 30% milli ára, sem hefur leitt til skorts og hærri lóðaverðs. Á höfuðborgarsvæðinu er uppbygging takmörkuð við vaxtarmörk sem voru



skilgreind árið 2014. Í ljósi hraðrar fólksfjölgunar, sem hefur verið langt umfram áætlanir, hafa nokkur sveitarfélög kallað eftir endurskoðun vaxtarmarka til að auka lóðaframboð.

Markmiðið þarf að vera að tryggja nægilegt framboð íbúða og það geta sveitarfélögin fyrst og fremst gert með því að ráðast í skipulagsvinnu sem nær lengra fram í tímann. Skipulagsferli og undirbúningur eru helstu flöskuhálsar húsnæðisuppbyggingar fremur en sjálfur byggingartíminn. Þó byggingartími íbúðarhúsnæðis sé að jafnaði um tvö ár, getur skipulagsvinnan tekið allt að 20 ár. Að auki tekur undirbúningur lóða, s.s. niðurrif eldri mannvirkja og veitulagnir, nokkur ár áður en framkvæmdir geta hafist. Þá hefur líka margt breyst með aukinni áherslu á þéttingu byggðar sem huga þarf að þar sem bygging á þéttingarreitum er almennt dýrari en uppbygging á nýjum svæðum, m.a. vegna flókins undirbúnings, lengri skipulagsferlis og hærri lóðaverðs. Verktakar hafa bent á að skortur á fjölbreyttu lóðaframboði hafi neikvæð áhrif á hagkvæmni uppbyggingar.

Þá þarf að eiga sér stað uppbyggilegt samtal og samræming á stöðu uppbyggingar milli hagaðila sem koma að uppbyggingu til að ná fram raunverulegum umbótum á húsnæðismarkaði.

3.3. Aðgerðir til úrbóta í menntakerfinu

Samtökin leggja áherslu á að menntakerfið leiði saman færni mannauðsins og þarfir atvinnulífsins á skilvirkan og hagkvæman hátt. Þetta felur í sér að efla iðn- og tæknimenntun, styðja við nýsköpun í námi og tryggja að menntun sé í takt við þarfir atvinnulífsins.

Lokaorð

Forsenda framfara höfuðborgarsvæðisins er virk samvinna og uppbyggilegt samtal á milli hagaðila um þær áskoranir og þau verkefni sem framundan eru. Verkefnin eru ærin og snúa ekki síst að því að auka samkeppnishæfni Íslands í breiðum skilningi og tryggja góð lífsskilyrði til lengri tíma lítið. Uppbyggilegt samtal fyrirtækja, og hagsmunasamtaka þeirra, við sveitarfélög er lykilþáttur í því. Samtökin lýsa sig reiðubúin til að funda sem og að taka þátt í frekara samráði um útfærslu sóknaráætlunarinnar eftir því sem óskað er.

Virðingarfyllt,
f.h. Samtaka iðnaðarins

Sigurður Hannesson
framkvæmdastjóri